

Rubbol BL Rezisto Semi-gloss

Rispu- og fitupolið akrýllakk 40%

Efnislýsing

Rubbol BL Rezisto Semi-gloss er niðsterkt, vatnspynnanlegt akrýllakk, ætlað til notkunar innanhúss. Rezisto lakkið er sérlega hannað til að standast álag sem í hefðbundnum lökkum veldur rispum og mýkingu vegna fitu, t.d. húðfitu (sem smám saman gerir flötinn erfiðan að þrífa). Þessir eiginleikar eru fengnir með sk. krosstengtækni (cross-linking technology) í uppbyggingu bindiefnisins. Rubbol BL Rezisto Semi-gloss hentar því afar vel í skólum, veitingastöðum, eldhúsum og öðrum svæðum þar sem mikið álag getur verið á yfirborðsflötum. Lakkið er frábært á handrið.

Rezisto lakkið er auðvelt í notkun, flýtur vel og þornar hratt. Það hylur afar vel, er lyktarlítið og gulnar ekki. Rubbol BL Rezisto Semi-gloss er ætlað sem ysta málningarlag á við, málma, PVC og annað harðplast, steypu og gífs og er borið ofan á undirlag af viðeigandi grunni (sjá neðar).

Meðhöndlun

Rakastig timburs þarf að vera milli 12% og 15%.

Nýmálun

1. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi.
2. Ef um mál er að ræða skal fyrst nota viðeigandi málmgrunn, t.d. Nordsjö Metal Primer,
3. Grunnið ætíð með 1-2 umferðum af Rubbol BL Rezisto Primer.
4. Þússið létt yfir með fínnum sandpappír.
5. Málið 1-2 umferðir af Rubbol BL Rezisto Semi-gloss. Gott er að þússa létt yfir milli umferða.

Endurmálun

1. Hreinsið flötinn, slípið og tryggið að flöturinn sé fitu- og ryklaus.
2. Grunnið skemmda fleti með 1-2 umferðum af Rubbol BL Rezisto Primer (Nordsjö Metal Primer á mál).
3. Þússið létt yfir með fínnum sandpappír.
4. Málið 1-2 umferðir af Rubbol BL Rezisto Semi-gloss. Gott er að þússa létt yfir milli umferða.

ATH. Vatnspynnanleg efni eru viðkvæm fyrir mýkingarefnum í plastefnum eins og PVC einangrunarefnum/kíttri. Málningarfilman getur orðið mjúk og klístruð. Betra er að nota EPDM gúmmí til einangrunar á gluggarömmum.

Svo komið sé í veg fyrir blæðingu í vissum viðartegundum (t.d. merbau, dökkrauðri meranti, eik, afzelia) og gulnun kvista í furu skal grunna að auki með af Rubbol BL Rezisto Primer eða Rubbol BL Isoprimer.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á tryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: 40 GU/60° (ISO 2813)

Þéttleiki: 1,29 kg/dm³

Hiti við málun: 5-30°C

Rakastig: Mest 85%

Purrefni: Hvítt: Um 47% af vigt og 33% af rúmmáli

Ráðlögð þykkt á umferð: Þurr: Um 30 míkrón.

Blautt: Um 90-100 míkrón

Þornun við 20°C og 65% raka: Opinn tími 4-5

mín. Rykfrítt: Um 1-2 klst. Snertipurrt: Um 2-3

klst. Yfirmálun: Um 6-8 klst. Efnið nær fullri

hörku á 5 dögum við 20°C (8 dagar við 10°C)

Þynning: Þynnið ekki

Verkfæri: Penslar (helst þykkir Friess lakk-

penslar), rúllur (helst Friess gráar lakkrúllur)

Þekja: Um 10-12 m²/l (þekja veltur mikið á

undirlagi og aðferð og aðstæðum við málun)

Litur: Hvítur og litastofnar

Umbúðir: 0,5, 1 og 2,5 lítra dósir

Hreinsun: Vatn

Geymsla: Minnst 24 mánuðir í upprunalegum

og óopnuðum umbúðum. Geymist í þurru,

frostfríu rými við 5-30°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir

þessa vöru er (fl. A/d) mest 130 g/l

(2010). Rubbol BL Rezisto Semi-gloss inniheldur

mest 75 g/l

Varan er í samræmi við **BREEAM HEA 9**